

4.tbl.

25. jan. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Þorrablót Aðaldæla

Verður haldið að

Ýdölum laugardagskvöldið

4. febrúar 2023



Blótið hefst stundvíslega

kl. 20:00

Húsið opnar kl. 19:00

Hljómsveitin
Gourmet leikur
fyrir dansi

16 ára
aldurstakmark
Gos selt á
staðnum

Forsala aðgöngumiða verður

milli kl. 15:00-17:00

Aðgangseyrir er kr. 4.000.-


Tekið verður við borðapöntunum og
breytingum til **kl. 15:00 þriðjudaginn 31. janúar**

Anna – Langavatni s: 849-6825

Íris – Laxárvirkjun s: 849-0710

Patrycja – Hafnalækjarskóli s: 864-5652

Ps. Munið eftir diskum, hnífum og göfflum.



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Ath ! Verðskrá hækkar nú um áramót í takti við verðhækkanir hjá Póstinum og vegna verðhækkana á aðföngum tengdum framleiðslu Hlaupastelpunnar.

Verðskrá:

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.350.- m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.300.- m.vsk.</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386

Viltu taka þátt í grænni framtíð?

Skógræktin óskar eftir að ráða starfsmann til fjölbreyttra starfa við skógrækt á starfstöð sína Vaglaskógi. Þetta er framtíðarstarf á þjóðskógasviði á Norðurlandi með starfstöð á Vöglum. Leitað er að öflugum fólki sem er tilbúið að takast á við fjölbreytt störf við ræktun og umhirðu skóga. Umsóknarfrestur er til 10. febrúar.

Helstu verkefni:

- Þátttaka í skýpulagi, framkvæmd, úttektum og skýrslugerð vegna gríslunar og gróðursetningar verka
- Ýmis störf við úrvinnslu á viðarafurðum
- Ýmis viðhaldsverkefni tengd vinnuvélum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Þróf í skógtækni eða skógræði æskilegt
- Almenn tölvukunnátta
- Ensukunnátta æskileg
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Þekking á viðhaldi véla
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, skýpulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

NÁNAR Á



skogur.is/atvinna
runar@skogur.is
s. 896 3112





14. fundur

sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar haldinn í gegnum
fjarfundarbúnað,

Miðvikudaginn 28. desember 2022, kl. 13:15.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Eygló Sófusdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Arnór Benónýsson, Haraldur Bóasson og Jón Hrói Finnsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sveitarstjóri.

Eyþór Kári Ingólfsson boðaði forföll. Haraldur Bóasson mætti í hans stað. Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir að tekið yrði á dagskrá mál nr. 2212025 Umboð til staðgengils sveitarstjóra sem var samþykkt samhljóða.

1. Ákvörðun útsvars og fasteignaskatts fyrir árið 2023 - 221 2013

Á 13. fundi sínum þann 14. desember sl. samþykkti sveitarstjórn að útvar árið 2023 yrði 14,52%. Þann 16. desember sl. var undirritað samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar. Samkomulagið felur í sér að hámarksálagningarhutfall útsvars hækkar um 0,22 prósentustig, úr 14,52% í 14,74%. Á móti lækkar tekjuskattsálagning ríkisins um sama hlutfall. Breytingin hefur því ekki áhrif á heildarálgögn á skattgreiðendum.

Til máls tók: Knútur Emil, Gerður og Arnór

Með vísan til framangreindra ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirbyggjandi samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga, dagsett 16. desember 2022, sem byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 16. desember 2022, samþykkir sveitarstjórn Pingeyjar-

sveitar samhljóða að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 verði 14,74% en ekki 14,52% eins og áður hafði verið samþykkt.

2. Sameiningarnefnd - 5 - 2210004F

Fundargerð sameiningarnefndar lögð fram til staðfestingar.

Til máls tók Halldór

Fundargerð sameiningarnefndar lögð fram til staðfestingar.

2208030 - Samkeppni um merki fyrir nýtt sveitarfélag

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu sameiningarnefndar.

3. Umboð til staðgengils sveitarstjóra - 2212025

Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar verður fjarverandi frá og með 29. desember 2022 til og með 9. janúar 2023. Lagt er til að oddviti gegni hlutverki staðgengils hans á meðan.

Til máls tók Halldór

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að oddviti sveitarstjórnar skuli vera staðgengill sveitarstjóra í fjarveru hans. Samþykkt

Fundi slitið kl. 14:00.



15. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Stórutjarnaskóla,

Fimmtudaginn 12. janúar 2023, kl. 13:10.

Fundinn sátu:

Gerður Sigtryggisdóttir, Eygló Sófusdóttir, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eypór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson, Haraldur Bóasson og Jón Hrói Finnsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, sveitarstjóri.

Knútur Emil Jónasson boðaði forföll. Haraldur Bóasson sat fundinn í hans stað.

1. Gjaldskrá Þingeyjarsveitar 2023 - 2212015

Umræður um gjaldskrá fyrir sorphirðu og -förgun samkvæmt 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Til máls tóku: Jóna Björg , Afgreiðslu frestað. Frestað

2. Sýslumaðurinn á Norðurlandi Eystra - Umsagnarbeiðni tækifærisleyfi Skjólbrekka - 2301005

Lögð fram beiðni sýslumannsembættisins á Norðurlandi eystra um umsögn vegna útgáfu tækifærisleyfis vegna þorrablóts í Skjólbrekku 21. janúar 2023. Enginn tók til máls.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins.

Samþykkt samhljóða. Samþykkt

3. Sýslumaðurinn á Norðurlandi Eystra - Umsagnarbeiðni tækifærisleyfi - 2301004

Lögð fram beiðni sýslumannsembættisins á Norðurlandi eystra um umsögn vegna útgáfu tækifærisleyfis vegna þorrablóts í Stórutjarnaskóla 28. janúar 2023. Enginn tók til máls.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins.

Samþykkt samhljóða. Samþykkt

4. Erindisbréf fræðslu- og velferðarnefndar - 2208014

Lögð fram drög að erindisbréfi fræðslu- og velferðarnefndar að afloknu umsagnarferli. Erindisbréfið hefur verið einfaldað með vísun í samþykktir í stað endurtekningar á texta úr samþykktum.

Til máls tók Jóna Björg. Lagðar voru til eftirfarandi breytingar: Í stað orðsins "sólarhringsfyrirvara" í 2. mgr. 12. grein kemur "með tveggja sólarhringa fyrirvara".

Við 1. mgr. 10. greinar, þar sem stendur "Nefndarmaður skal víkja af fundi og kalla til varamann sinn", bætist "ef þörf krefur".

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindisbréfið með ofangreindum breytingum.

Samþykkt

5. Erindisbréf atvinnu- og nýsköpunarnefndar - 2208025

Lögð fram drög að erindisbréfi atvinnu- og nýsköpunarnefndar að afloknu umsagnarferli. Erindisbréfið hefur verið einfaldað með vísun í samþykktir í stað endurtekningar á texta úr samþykktum.

Lagðar voru til eftirfarandi breytingar:

Í stað orðsins "sólarringsfyrirvara" í 2. mgr. 12. grein kemur "með tveggja sólarringa fyrirvara".

Við 1. mgr. 10. greinar, þar sem stendur "Nefndarmaður skal víkja af fundi og kalla til varamann sinn", bætist "ef þörf krefur".

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindisbréfið með ofangreindum breytingum. Samþykkt

6. Erindisbréf umhverfisnefndar - 2208026

Lögð fram drög að erindisbréfi umhverfisnefndar að afloknu umsagnarferli. Erindisbréfið hefur verið einfaldað með vísun í samþykktir í stað endurtekningar á texta úr samþykktum.

Lagðar voru til eftirfarandi breytingar:

Í stað orðsins "sólarringsfyrirvara" í 2. mgr. 12. grein kemur "með tveggja sólarringa fyrirvara".

Við 1. mgr. 10. greinar, þar sem stendur "Nefndarmaður skal víkja af fundi og kalla til varamann sinn", bætist "ef þörf krefur".

Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið samhljóða með ofangreindum breytingum. Samþykkt

7. Erindisbréf íprótta- og tómstundanefndar - 2208027

Lögð fram drög að erindisbréfi íprótta- og tómstundanefndar að afloknu umsagnarferli. Erindisbréfið hefur verið einfaldað með vísun í samþykktir í stað endurtekningar á texta úr samþykktum.

Til máls tóku: Jóna Björg og Ragnhildur Hólm.

Lagðar voru til eftirfarandi breytingar:

Nafn nefndarinnar breytist í Íþróttá-, tómsunda- og menningar- nefnd í titli erindisbréfsins.

Við 8. töluliður 3. gr. bætist "undir formerkjum heilsueflandi samfélags".

Í stað orðsins "sólarhringsfyrirvara" í 2. mgr. 12. grein kemur "með tveggja sólarhringa fyrirvara".

Við 1. mgr. 10. greinar þar sem stendur "Nefndarmaður skal víkja af fundi og kalla til varamann sinn", bætist "ef þörf krefur".

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindisbréfið með ofangreindum breytingum. Samþykkt

8. Erindisbréf skipulagsnefndar - 2208028

Lögð fram drög að erindisbréfi skipulagsnefndar að afloknu umsagnarferli. Erindisbréfið hefur verið einfaldað með vísun í samþykktir í stað endurtekningar á texta úr samþykktum.

Lagðar voru til eftirfarandi breytingar:

Í stað orðsins "sólarhringsfyrirvara" í 2. mgr. 12. grein kemur "með tveggja sólarhringa fyrirvara".

Við 1. mgr. 10. greinar þar sem stendur "Nefndarmaður skal víkja af fundi og kalla til varamann sinn", bætist "ef þörf krefur".

Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið samhljóða með ofangreindum breytingum. Samþykkt

Jón Hrói vék af fundi kl. 13:20

9. Erindi um viðbótarframlög vegna kaupa á íbúðum í Lautavegi 10 - 2301006

Lagt fram erindi frá framkvæmdastjóra Leiguíbúða Þingeyjar-sveitar hses. þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til þess að félagið nýti stofnframlög sem fengust til byggingar á tveimur íbúðum við Víðigerði 4 á Hafralæk til kaupa á tveimur íbúðum í fjór-býlishúsi við Lautaveg 10. Íbúðirnar við Lautaveg eru nokkru stærri en þær sem vilrði hafa fengist fyrir og því myndi breytingin kalla á hækkun stofnframlaga sveitarfélagsins þar sem stofnframlög

ríkisins miðast við upphaflega kostnaðaráætlun. Gerður er fyrirvari um samþykki stjórnar Leiguíbúða Þingeyjarsveitar fyrir breytingunni.

Til máls tóku: Árni Pétur og Arnór.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í breytinguna og lýsir vilja til að hækka stofnframlag sveitarfélagsins vegna hennar. Gerður er fyrirvari um samþykki sveitarstjórnar fyrir endanlegri fjárhæð stofnframlaga ef af breytingunni verður.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að áfram verði stefnt að uppbyggingu íbúða í Víðigerði og sótt um ný stofnframlög vegna hennar.

Samþykkt

Jón Hrói kom aftur til fundar kl. 13:25

10. Samningur um sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar á landsvísu - 2209007

Lagður fram samningur um rekstur umdæmisráð landsbyggða í barnavernd.

Á 13. fundi sveitarstjórnar þann 14. desember 2022 var lögð fram tillaga valnefndar umdæmisráðs að breyttum samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða og óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til hennar. Niðurstaða sveitarstjórnar var að fyrri samningur væri fullnægjandi. Niðurstaða flestra annarra aðildarsveitarfélaga var að samþykkja tillögu valnefndar, sem þar af leiðandi verður lögð til grundvallar samstarfi um rekstur umdæmisráðs. Lagt er til að sveitarstjórn samþykki tillöguna og veiti sveitarstjóra heimild til undirritunar samningsins.

Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda tillögu og felur sveitarstjóra að undirrita samning um rekstur umdæmisráðs landsbyggða fyrir sína hönd. Samþykkt

11. BH Bygg ehf.- Íbúðir á lóðinni Klappahrauni 9 - 2301003

Lagt fram erindi BH bygg ehf. frá 3. janúar 2023, þar sem Þingeyjarsveit eru boðnar til kaups tvær 100-120 fm íbúðir í óbyggðu raðhúsi á lóðinni Klappahrauni 9 í Reykjahlíð.

Til máls tók: Árni Pétur

Sveitarstjórn lýsir áhuga á að skoða málið frekar og felur Knúti Emil Jónassyni að eiga viðræður við BH bygg ehf. fyrir sína hönd. Samþykkt samhljóða. Samþykkt

12. Fræðslu- og velferðarnefnd - 5 - 2211008F

Fundargerð 5. fundar fræðslu- og velferðarnefndar lögð fram til staðfestingar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerð fræðslu- og velferðarnefndar. Sjá bókun sveitarstjórnar við einstaka fundarliði. Staðfest

12.1 2208014 - Erindisbréf fræðslu- og velferðarnefndar
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslu- og velferðar
nefndar.

12.2 2211044 - Erindi til fræðslu- og velferðarnefndar
vegna starfskjara

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslu- og velferðar-
nefndar.

12.3 2211045 - Erindi frá foreldrum nemanda á unglinga-
stigi í Reykjahlíðarskóla

Til máls tók: Arnór

Sveitarstjórn tekur undir þær áhyggjur foreldra sem fram koma í erindi foreldra til fræðslu- og velferðarnefndar frá 17. nóvember. Sveitarstjórn samþykkir að skipa starfshóp til að vinna að málinu. Í starfshópnum sitja, skólustjórar Þingeyjarskóla og Reykjahlíðar- skóla, umsjónarkennari unglिंगastigs í Reykjahlíðarskóla, teymis- stjóri unglिंगastigs í Þingeyjarskóla og Eygló Sófusdóttir og Arnór Benónýsson fyrir hönd sveitarstjórnar. Starfshópurinn skal skila af sér tillögum til sveitarstjórnar á aukafundi sveitastjórnar sem haldinn verður í næstu viku.

12.4 2211046 - Erindi varðandi skipan áheyrnarfulltrúa
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslu- og velferðar
nefndar.

12.5 2211047 - Áheyrnarfulltrúar í fræðslu- og velferðar
nefnd

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslu- og velferðar
nefndar.

12.6 2210028 - Niðurfelling leikskólagjalda og húsaleiga
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslu- og velferðar
nefndar.

12.7 2209028 - Ný skólastefna Þingeyjarsveitar
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslu- og velferðar
nefndar.

12.8 2212008 - Tónlistarkennsla í Reykjahlíðarskóla
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslu- og velferðar
nefndar.

12.9 2211028 - Reglur varðandi umsóknir um tónlistarnám í
öðrum sveitarfélögum.
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu fræðslu- og velferðarnefndar.

Fundi slitið kl. 13:40.





SUMAR 2023

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Í boði eru spennandi störf á nær öllum sviðum fyrirtækisins og starfsstöðvum okkar um landið. Starfsstöðvar Landsvirkjunar eru í Reykjavík, á Sogssvæði, Þjórsársvæði, í Fljótsdal, Mývatnssvæði, við Láxárstöðvar og Blöndustöð.

Kynntu þér þau fjölbreyttu störf sem eru í boði!

Oplö er fyrir umsóknir

Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar

Sótt er um störfin á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/sumarstorf